

**Nr. 040 / 12 Oddgeir EA 600*****Skipverji slasast í lest***

Skipaskr.nr. 1039  
 Smíðaður: Bozenburg Þýskalandi 1967, Stál  
 Stærð: 246,5 brl. 365,7 bt.  
 Mesta lengd: 37,82 m Skráð lengd: 34,72 m  
 Breidd: 7,2 m Dýpt: 6,05  
 Vél: Caterpillar 738 kW, 1999  
 Fjöldi skipverja: 10



Oddgeir ©Hilmar Snorrason

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 4. október 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 4. maí 2012 var Oddgeir EA 600 á togveiðum út af Garðskaga. Veður: NV 4-7 m/sek.

Skipverji var að vinna í lest og var að færa til færribandsrennu þegar hún féll niður á vinstri öxl hans. Við þetta féll hann aftur fyrir sig og lenti með höfuð og bak út í síðu skipsins. Siglt var með slasaða til Keflavíkur.

***Við rannsókn kom fram:***

- að skipverjar voru að koma niður af la og voru tveir þeirra í lest að ýta færribandi aftur að þili lestarinnar þegar hjól þess fóru út úr brautinni. Við það féll annar skipverjinn fram fyrir sig og bandið lenti á herðum hans svo hann kastaðist út í síðu;
- að færribandið hvíldi á plasthjólum sem leika í braut efst á bandinu. Þessi hjól voru á öxlum út úr neðri enda vinkla sem rafsoðnir eru upp í lestarloftið. Engar styrkingar voru á vinkilendunum inn á loftið og vinklar sem komu niður úr lestarlúgunni eru festir með boltum og lausum festingum upp í lúgulokið. Þegar og ef þungi á hjólin varð það mikill að burðarvirkið (öxull hjólanna og vinkillinn) gaf eftir til



hliðar, beit hjólið sig í hliðar brautarinnar, sem endaði með því að bandið festist. Ef ekkert var að gert fóru hjólin út úr brautinni. Þetta átti sérstaklega við um vinklana niður úr lúgulokinu;

- að viðgerðarmaður sem fékk hjólin til viðgerðar sagðist halda að megin orsök bilunarinnar lægi í þrifnaði á hjólunum. Það verði að þrifa umbúnaðinn reglulega svo hjólin einfaldlega festist ekki.
- að ekki er vitað hver þungi aflans var sem bandið flutti en slasaði sagði að einhver fiskur hafi verið á bandinu. Skipverjar töldu að færibaldið sjálft gæti verið 400 kg;
- að slys varð með svipuðum hætti 18. apríl 2011 þegar bandið féll á skipverja sem slasaðist og var frá vinnu um tíma. Sjá mál 120/11;
- að eftir slysið 18. apríl 2011 var gert við slit í hjólum. Sjö mánuðum eftir það slys var farið að koma aftur slit í hjólin. Þetta bendir til þess að umbúnaður við upphengjur á bandinu hafi verið ófullnægjandi eins og segir í nefndaráliti þess máls. Engar styrkingar voru gerðar á burðarvirkinu;
- að sögn slasaða hafði búnaðurinn verið bilaður og til vandræða í langan tíma.

### *Nefndarálit:*

Nefndin telur orsök slyssins vera ófullnægjandi upphengibúnað, ótraust burðarvirki ásamt óþrifnaði við hjólin.

Nefndin átelur að ekki hafi verið farið í viðeigandi forvarnaraðgerðir eftir fyrra slysið.